



513. Stjórnarfundur haldinn 22. nóvember 2018 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Sveinn Adolfsson (SA), Birgir Már Bragason (BMB) og Eva Björk Sveinsdóttir (ES).

Fjarverandi: Birgir Ingibergsson (BI).

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá Jónsi Guðna Sævarssyni framkvæmdastjóra knattspyrnudeildar Keflavíkur. Beiðni um leyfi til að setja upp dósasafnara við Hringbraut 108. *Aðstjórn tekur vel í þessa hugmynd en telur henni betur fyrir komið á öðrum stað. Framkvæmdastóra falið að ræða aðrar hugmyndir við Jónas Guðna.*

Tölvupóstur frá Jónsi Guðna Sævarssyni framkvæmdastjóra knattspyrnudeildar Keflavíkur.

Beiðni um afnot af Hringbraut 108 undir flugeldasölu frá 15. desember 2018 – 15 janúar 2019. *Móttekið og samþykkt. Framkvæmdastjóra falið að gera samning við knattspyrnudeildina.*

Tölvupóstur frá Ingva Hákonarsyni formanni körfuknattleiksdeildar Keflavíkur vegna ósk um heimild á yfirdrætti í Landsbanka Íslands (EH og PMK samþykktu yfirdráttarheimildina með fyrirvara um samþykkt aðalstjórnar.) *Heimild til yfirdráttar var samþykkt.*

3. Send bréf

Bréf sent á útibú Landsbanka Íslands vegna heilmildar til handa körfuknattleiksdeild Keflavíkur til yfirdráttar að upphæð 500.000-kr. til 1. apríl 2019.

Tölvupóstur sendur á deildir vegna skila á iðkendafjölda vegna þjálfarastyrks Reykjanesbæjar 2019.

Tölvupóstur sendur á deildir vegna ósk um tilnefningu á íþróttakarli og -konu hverrar deilda.

Tölvupóstur sendur á deildir til að vara við svika-tölvupóstum þar sem verið er að reyna ná fé af deildum félagsins. Áréttað við deildir að fara varlega þegar óskað er eftir millifærslum á erlenda reikninga.

Forsvarsmönnum deilda bent á að breyta verkferlum og hafa samband sín á milli þegar óvenjulegar færslur eru í gangi.

4. Námskeið

Námskeið í Nóra skráninga- og greiðslukerfi var haldið þriðjudaginn 13. nóvember. 13 manns mættu.

Námskeiði sem fyrirhugað var í skyndihjálpi og halda átti miðvikudaginn 14. nóvember var aflýst vegna ónógrar þátttöku (aðeins einn hafði skráð sig).

5. Jólblað Keflavíkur

Deildir hafa skilað inn greinum og myndum. Greinar farnar í yfirlestur. Efninu verður svo skilað mánudaginn 26. nóvember í Staparent, en það sér um uppsetninguna á blaðinu. Ekki er komin aðili til að bera út blaðið.

6. Íþróttakarli og konu Keflavíkur 2018

Útnefning á íþróttakarli og -konu Keflavíkur 2018 ásamt að heiðra íþróttakarli og -konu hverrar deildar Keflavíkur fer fram föstudaginn 28. desember kl.18:00.

7. Önnur mál

EH mætti á ráðstefnu um framtíðarskipulag íþróttamála föstudaginn 16. nóvember í Laugardalshöll.

EH er búinn að óska eftir því við Friðjón Einarsson bæjarfulltrúa Reykjanesbæjar að gengið verði frá þinglýsingu á eigninni Hringbraut 108 yfir á Keflavík íþrótt- og ungmennafélag.

Jólahlaðborð aðalstjórnar.

Þorrablót Keflavíkur.

Aðalstjórn Keflavíkur fór í myndatöku í upphafi fundar.

Næsti fundur 6. desember kl. 18:00

Fundi slitið kl. 19:15 Fundinn ritaði BS.



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag, fyrirmyndarfélag ÍSÍ



FYRIRMYNDARFÉLAG ÍSÍ